RIFF

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

www.ungriff.is
www.riff.is

23.09.—04.10.26

UNG RIFF

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Reykjavík
Kvikmyndamiðstöð Íslands
Creative Europe MEDIA
UPPTEKIÐ
100
Barnamenningarsjóður Íslands
Nýsköpunarsjóður námsmanna

UM UNGRIFF

UngRIFF er kvikmyndahátíð ætluð börnum og ungmennum á aldrinum 4–16 ára. Markmið hátíðarinnar er að efla kvikmyndalæsi yngri kynslóðarinnar, bjóða börnum inn í töfraheim kvikmyndanna og skapa öruggan og hvetjandi vettvang þar sem ungt fólk getur tjáð sig, myndað tengsl, deilt sjónarmiðum sínum og tekið þátt í skapandi störfum.

Hátíðin er starfandi allt árið um kring og býður upp á námskeið og fjölbreyttar sýningar um land allt.

UngRIFF fer nú fram í fjórða sinn, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, þar sem boðið er upp á skólasýningar, sérhæft kennsluefni og vinnustofur í kvikmyndagerð.

SKÓLASÝNINGAR UNGRIFF

UNGRIFF eflir kvikmyndalæsi barna og ungmenna með því að bjóða nemendum á skólasýningar í Smárabíói, Háskólabíói og Norræna húsinu – og víðsvegar um landið: Skjaldborgarbíói á Patreksfirði, Amtsbókasafninu Akureyri, Félagsheimilinu Blönduósi, Hofgarði í Öræfum og í menningarhúsum í Reykjanesbæ. Einnig eru sýningar um allt Norðurland vestra í samstarfi við Barnamenningarhátíðina Skúnaskrall.

Á Opnunarhátíð UngRIFF í Smárabíói munu nemendur úr Víðistaðaskóla, Laugarnesskóla, Vatnsendaskóla, Smáraskóla og Álfhólsskóla, svo einhverjir skólar séu taldir, koma saman til að njóta þess að fara í bíó á skólatíma. Nú þegar eru yfir 2.000 nemendur frá grunnskólum og leikskólum á höfuðborgarsvæðinu skráðir á skólasýningar á meðan hátíðinni stendur, auk fleiri hundruða á landsbyggðinni.



EFNISYFIRLIT

2 UM UNGRIFF

3 OPNUNARHÁTÍÐ

5 SÉRVIÐBURÐIR

7 FYRIR UNGLINGA

8 KVIKMYNDIR Í FULLRI LENGD

10 STUTTMYNDIR

11 KENNSLA



OPNUNARHÁTÍÐ

Nemendur úr grunnskólum höfuðborgarsvæðisins á aldrinum sex til sextán ára eru boðaðir í hundraðatali til að horfa á opnunarmyndir hátíðarinnar á skólatíma. Myndirnar í ár eru *Bretti og brúðarkaup* fyrir eldri bekkina og teiknimyndin *Týnda stúlkan* fyrir yngri bekkina. Teiknimyndin hefur verið talsett í Upptekinu með Gunnari Árnasyni, þar sem Fríða Þorkelsdóttir þýddi yfir á íslensku og Ólafur S.K. Þorvaldz sá um leiklestur ásamt Þórunni Clausen. UngRIFF þakkar þeim kærlega fyrir samstarfið. Hátíðin verður haldin í Smárabíói þar sem hún verður formlega sett af bæjarstjóra Kópavogs, Ásdísi Kristjánsdóttur, sem einnig veitir heiðursverðlaun UngRIFF 2026.

FYRIR KENNARA

Ertu kennari? Langar þig að brjóta upp tímann, sýna stuttmyndir og kenna síðan út frá þeim? UngRIFF bíður árlega upp á sérstakt stuðningsefni sem skólar og kennarar geta nýtt sér endurgjaldslaust. Kennsluefnið er í formi stuttmynda fyrir 4+, 6+, 9+, 12+ og 14+ ára. Myndirnar koma hvaðanæva að úr heiminum og eru valdar af fagfólki í dagskrárgerð. Hægt er að lesa nánar um hvernig skal nálgast efnið á www.ungriff.is.


HEIÐURSVERÐLAUN UNGRIFF

EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR hefur glatt, skemmt og veitt íslenskum börnum innblástur með eftirminnilegum persónum sínum, leiktjáningu og einstakri nærveru í marga áratugi. Sem leikkona hefur hún brúað kynslóðir með hlutverkum á borð við Stellu í orlofi; kvikmyndar sem enn í dag er fastur punktur í uppvexti íslenskra barna. Edda hefur jafnframt lagt mikið af mörkum með leiklestri og talsetningu á vönduðu barnaefni, leiksýningum á sviði og persónusköpun í sjónvarpi. Með hlýju sinni, einstakri nærveru og persónutöfrum hefur leikkonan ástsæla fyrir löngu skipað sér varanlegan sess í hjarta þjóðarinnar og þess vegna hlýtur Edda Björgvins heiðursverðlaun UngRIFF árið 2026 fyrir ómetanlegt framlag sitt til íslenskrar barnamenningar.



TENGDU SAMAN PUNKTANA

GRÍPTU PENNA EÐA BLÝANT OG TENGDU SAMAN PUNKTANA TIL AÐ SJÁ FÖLDU MYNDINA!



SÉRVIÐBURÐIR

SÉRVIÐBURÐIR eru sérstakar uppákomur þar sem bíóupplifunin er auðguð með ýmsum ráðum. UngRIFF í ár bíður upp á sérstaklega fjölbreytta viðburði af þessu tagi þar sem kvikmyndaperlum er fagnað í einstöku umhverfi, ásamt því að ungum áhorfendum og ungu kvikmyndagerðarfólki er gefið sviðsljósið.

HELLABÍÓ: INDIANA JONES

UngRIFF kynnir á nýjan leik fjölskyldubíó í Raufarhólshelli þar sem kvikmyndatöfrar og íslensk náttúra mætast djúpt í iðrum jarðar. *Indiana Jones og leitin að týndu örkinni* er ein vinsælasta mynd níunda áratugarins og skartar Harrison Ford í aðalhlutverki. Myndin verður sýnd á sérstakri fjölskyldusýningu fyrir 10 ára og eldri, þó þurfa öll börn yngri en 12 ára að vera í fylgd með fullorðnum. Nauðsynlegt er að klæða sig vel og fá allir gestir hlífðarhjálma við komu. Hellabíó er haldið í samstarfi við Lava Tunnel sem tryggir öryggi bíógesta. Athugið að akstur að sýningarstað er ekki innifalinn í miðaverði.



26.09 Raufarhólshellir 16:00
26.09 Raufarhólshellir 20:00



NÁTTFATABÍÓ: PADDINGTON

UngRIFF bíður upp á einstaka upplifun fyrir alla fjölskylduna þar sem bíósal verður umturnað í risastórt náttfatapartý með teppum, púðum og pullum. *Paddington* frá 2014 er hugljúf og falleg mynd sem brúar kynslóðir en bangsinn góði mætti fyrst á sjónarsviðið árið 1958. Við hvetjum börn sem sækja sýninguna sérstaklega til að mæta í náttfötunum, en foreldrarnir mega það að sjálfsögðu líka. Sigurður Þór sem talar fyrir Paddington á íslensku er kynnir kvöldsins.



27.09 Háskólabíó 1 10:30

BÍÓMYND Á BLAÐI: HUGMYNDASMIÐJA

UngRIFF sýnir norsku barnamyndina *Litlir hundar gelta hátt* í stóra salnum í Norræna húsinu. Í kjölfarið leiðir barnabóka-höfundurinn, kvikmyndafræðingurinn og dýravinurinn Gunnar Theodór Eggertsson hugmyndasmiðju fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Hópurinn vinnur saman að því að þróa hugmynd að kvikmynd og fær að lokum sérhannað kvikmyndaplakat byggt á sögunni sem minjagrip eftir listamanninn Hauk Valdimar Pálsson.



26.09 Norræna húsið 13:00 - 15:30

Skráning á smiðjuna fer fram á ungriff.is – öllum er hinsvegar velkomið að mæta á sýninguna á meðan sætafjöldi leyfir.

EF NÁTTÚRAN GÆTI TALAÐ: OPIN SMIÐJA FYRIR FJÖLSKYLDUR

27.09 Norræna húsið 15:00-17:00


Kvikmyndagerðarkonurnar á bakvið *Ísey: Náttúrubarn* munu sýna myndina á sérstakri kennslusýningu í Norræna húsinu og bjóða upp á náttúrusmiðju fyrir börn á aldrinum 2-7 ára eftir sýninguna. Vinnusmiðjan byggir á hugmyndafræði um vistmiðaða heimsmynd og náttúrulæsi, þar sem lögð er áhersla á að rækta tengsl barna við lífríkið. Börn þurfa að vera vel klædd og í fylgd með foreldrum. Smiðjan er opin öllum þannig að mikilvægt er að mæta tímanlega á sýninguna til að skrá sig.

BAK VIÐ BÍÓTJALDIÐ

Einstakur viðburður fyrir unglinga og jafnframt sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Sýndar verða öflugar stuttmyndir eftir menntskælinga og auk þess fá áhorfendur tækifæri til að vera í rýnihóp fyrir nýju íslensku unglingamyndina *Bara barn.*

Vala Ómarsdóttir leikstjóri og Hlín Jóhannesdóttir framleiðandi munu sýna brot úr myndinni, taka við spurningum og deila reynslu sinni á sviðinu. Ungu leikstjórarnir sem taka þátt eru Valtýr Óskarsson, Halldór Ari, Benedikt Hilmir og Ísak Breki Gíslason.





26.09 Háskólabíó 3 **FRÍTT INN** 19:00

FYRIR UNGLINGA

UNGLINGAR eru fólk á áhrifamiklum tímamótum þar sem raddir þeirra og reynsla skipta samfélagið gríðarlegu máli. Samt á þessi hópur til að gleymast í menningarlífinu. Í ár setjum við hjá UngRIFF unglingana á fremsta bekk. Við bjóðum því upp á sérvalda dagskrá með vönduðum unglingamyndum í fullri lengd.

Fríríkið Kristjanía
Christiania

Karl Friis Forchhammer
DE
2026
91 min

Í gegnum áhrifamiklar og ótrúlegar sögur sem spanna meira en fimmtíu ár skoðar þessi heimildamynd hvernig samfélag byggt á frelsi, samstöðu og andspyrnu heldur áfram að berjast fyrir tilverurétti sínum á eigin forsendum.



02.10 Háskólabíó 1 Skólasýning 11:00
30.09 Háskólabíó 4 17:30

Ef gæfan lofar
Hvis lykken vender

Camille Bildsoe
IS, DE, NO
2026
86 min

Barnaæskunni lýkur við fjórtán ára aldur hjá afgönskum börnum undir stjórn talibana. Í niðurtalningu frá tólf ára til fjórtán ára aldurs krefjast þau Zahra og Zalgai þess að fá að leika sér á meðan þögnin og skyldan færast nær, og breyta sirkusnum sem þau elska í sína hinstu mótspyrnu áður en æskan hverfur.



02.10 Háskólabíó 1 Skólasýning 13:00
03.10 Háskólabíó 1 12:30

Dua
Dua

Blerta Basholli
XKV, CH,FR
2026
100 min

Seint á tíunda áratugnum er stríð að hefjast í Kosovo þar sem hin þrettán ára Dua leitast eftir að tilheyra í samfélaginu og eigin líkama. Á umrótartímum yfirvofandi hættu og fjölskyldubresta kynnist Dua nýrri vinkonu sem dregur hana á braut mótspyrnu, hugrekkis og í leiðinni til hugsanlegs skjóls.



27.09 Háskólabíó 4 20:45
02.10 Háskólabíó 2 *Spurt og svarað* 17:00



DAGSKRÁ

KVIKMYNDIR Í FULLRI LENGD

UngRIFF býður alla fjölskylduna velkomna á vandaðar kvikmyndir sem hreyfa við áhorfendum, efla kvikmyndalæsi og sýna ólíkar hliðar tilverunnar.

Frítt er inn á allar sýningar í Norræna húsinu fyrir börn og foreldra. Fyrir sýningar í Háskólabíó gilda hátíðarpassar RIFF eða stakir miðar. Athugið að miðar á sérviðburði eru seldir sérstaklega á riff.is.

Týnda stelpan
Lucy Lost

Olivier Clert
FR
2025
91 min



MYNDIN ER SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

Lucy, sérstök stúlka í litlu sjávarþorpi sem sér hluti sem enginn annar sér, kynnist leynilegri vinkonu sinni Milly. Saman leggja þær af stað í töfrandi ferðalag til þess að svipta hulunni af fortíðinni og dularfullum máttarvöldum. Myndin var tilfnefnd til ‚Golden Camera' verðlaunanna á Cannes. Myndin er leiklesin á íslensku.

23.09	Smárabíó		10:00
26.09	Háskólabíó 4		15:30
02.10	Háskólabíó 2	Skólasýning	11:15
04.10	Háskólabíó 1		11:00

Bretti og brúðarkaup
Skateboarding is Not For Girls

Dina Duma
MK, BE, SI, HR
2025
79 min



MYNDIN ER SÝND MEÐ ENSKUM TEXTA

Þegar sú íhaldssama ástundun að selja stúlkur í hjónaband er lögð til sem lausn á fjárhagsörðugleikum fjölskyldunnar, stendur Adela skyndilega á krossgötum. Hún kynnist framandi veröld hjólabrettamenningar og finnur sig mitt á milli hefða fortíðar og farandheita nútímans.

23.09	Smárabíó		10:00
25.09	Háskólabíó 1	Skólasýning	13:00
27.09	Háskólabíó 4		13:30

Litlir hundar gelta hátt
Salto, Pus og bucketlisten

Nora Nivedita Tvedt
NO
2025
75 min



MYNDIN ER SÝND MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA

Tuni og hundinn hennar Salto, sem verður hennar besti vinur eftir að hún missir hálfbróður sinn og móðir hennar greinist með ólæknandi krabbamein, takast á við sorgina og erfiðar tilfinningar saman. Myndin sýnir hversu dýrmætan stuðning dýr geta veitt í gegnum áföll og hvernig hægt er að fagna lífinu þrátt fyrir mikla erfiðleika.

25.09	Háskólabíó 1	Skólasýning	11:00
26.09	Norræna húsið		13:00
03.10	Háskólabíó 1		11:00

STUTTMYNDIR BARNA — OG UNGMENNA DAGSKRÁ

Stuttmyndir frá öllum heimshornum með mismunandi áherslum fyrir mismunandi aldurshópa. Með teiknimyndum, heimildarmyndum og leiknum myndum bjóða þessar sögur börnum og ungu fólki að hlæja, undrast, spyrja spurninga og uppgötva nýjar leiðir til að sjá heiminn. Myndirnar fyrir yngri hópana eru að mestu án tals en fyrir eldri börnin er enskur texti.



Ísey: Náttúrubarn

Linda Ásgeirsdóttir
IS
2026
42 min



Fimm ára íslensk-eistnensk stúlka uppgötvar heiminn með hjálp frá náttúrunni, fjölskyldunni og vinum sínum. Sérstök fræðuslusýning fyrir börn sem fylgt er eftir með spjalli við kvikmyndagerðarfólkið og vinnustofu í formi náttúrusmiðju. Öll börn eru velkomin á smiðjuna sem hefst að sýningu lokinni, en athuga skal að þau þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

27.09 Norræna húsið 15:00

NORRÆNAR STUTTMYNDIR

28.09 Norræna húsið *Spurt og svarað* 13:00

RIFF í samvinnu við NoISE býður upp á sérstakt úrval vandaðra stuttmynda frá Norðurlöndunum. NoISe er samstarf fimm barnakvikmyndahátíða á Norðurlöndunum; Buster í Kaupmannahöfn, BUFF í Malmö, Alþjóðlegu barnakvikmyndahátíðin í Kristiansand, Alþjóðlega barnamyndahátíðin í Oulu og UngRIFF í Reykjavík.

Markmið samstarfsins er að koma á framfæri vönduðum stuttmyndum til barna og ungmenna, ásamt því að auka aðgengi kvikmyndagerðarfólks sem framleiðir myndir fyrir þennan aldurshóp að norrænum kvikmyndum. Í ár tilkynnum við með stolti að íslenska stuttmyndin Í TAKT eftir Hönnu Huld er hluti af þessari frábæru dagskrá.

Myndirnar ásamt kennsluefni eru einnig aðgengilegar á kennsluvefnum Norden i skolen.

HEIMSKAUTANÓTT
POLARNATT

Gustav Littorin SE 4 mín



Í viðtali hittum við Bo og Arne, síðustu tvo ísbirnina á Norðurskauti. Bo flokkar rusl og borðar grænmetisfæði, hann vill svo að ísinn komi aftur. Arne hefur ekki jafn miklar áhyggjur.

SNÚ
SKRU

Magnus Hippe Brun DE 14 mín




Tveir vinir standa augliti til auglitis á hinu árlega borðtennismóti. Stuttmynd um vináttu, samkeppni og samfylgd í gegnum súrt og sætt.

LAPPIR UPP
FEET UP

Olli Ilpo Salonen FI 10 mín



Sófía þráir að skoða nýja veggjalist, en er sett í útgöngubann af foreldrum sínum eftir að hafa teiknað á matarborðið. Allt í einu snýst þyngdaraflið við og þá verður Sófía óstöðvandi.



Í TAKT
IN RYTHM

Hanna Hulda Hafþórsdóttir — 11 mín — IS



Æskuvinkonurnar Kara og Jenný eiga sameiginlega ástríðu fyrir dansi, en það reynir á vináttuna þegar Jenný eignast nýjar vinkonur.

NÝJA HÚSIÐ
DET NYE HUSET

Maria Alvsaker Næss — NO — 7 mín



Astrid og Kristin eru að leika sér eins og vanalega, en eitthvað óvænt gerist og þær byrja að rífast. Geta þær orðið vinkonur aftur?

MÍNÚTUMYNDIR
UM LOFTSLAGSÁHRIF

Maldíveyjar í Indlandshafi er lægsta landsvæði miðað við sjávarmál í heiminum. Það gerir þær einstaklega berskjaldaðar fyrir hækkandi yfirborði sjávar. *Gerum jörðina svala aftur* er samansafn sextán stuttmynda um loftslagsbreytingar, hver og ein aðeins ein mínúta að lengd, eftir ungt fólk frá þessum eyjum.

The One Minutes



28.09 — Norræna húsið — 10:00

Minah Mazin Mohamed, Aishath Amani,Fathimath Zeek, Mariyam Sadhuva, Aishath Zeeba Hamid, Kamilah Shareef, Aminath Eanas Ahmed, Mariyam Reena Ahmed, Fathimath Aik Mohamed,Ibrahim Samooh Ali, Aishath Mauva Mohamed, Aiham Abdul Rahman, Aishath Najdha Ali, Mohamed Shafy Abdul Salaam

STUTTMYNDIR 4+

24.09 — Norræna húsið — 10:00

NÆTURDÝR
BATS & BUGS


Lena von Döhren — DE



Djúpt í frumskóginum virðist allt vera með kyrrum kjörum – þar til ljósker lýsir skyndilega upp nóttina.

HUNDABRÚ
DOG BRIDGE

Jorn Leeuwerink — NL — 3 mín



Hundur ákveður að hjálpa allskonar dýrum komast yfir vatnið. Hversu langt er hundurinn tilbúinn að ganga til að hjálpa öðrum?

LJÓSIÐ ER STÓRT
THE LIGHT IS BIG

Markus Duffner — PT — 5 mín




Í fyrstu hlæjum við. Síðan endurtökum við hljóð. Síðan orð. Hvað segja þessar fyrstu setningar um okkur? Hvað segja þær um heiminn?

PINGU OG BANGSI
PINGU & BEAR
Kai Oppermann DE 2 mín




Pingu og Bangsi ýta hjólinu sínu upp fjallið endalausa. Vinirnir tveir ferðast í gegnum skóga, engi og eyðimerkur.

STJÖRNURYK
STARDUST
Christie Khalil LB 4 mín




Tvær litlar stjörnur tengjast órjúfanlegum böndum þvert yfir vetrarbrautina, alveg þar til ein þeirra hrapar til jarðar.

VÉLMENNIÐ LEÓ
ROBOT LEO
Piret Sigus, Silja Saarepuu EE 8 mín



Vélmenni fer að undirbúa heimilið fyrir heimsókn og verður sífellt meira stressaður eftir því sem gesturinn kemur nær.

NAMMIHIMINN
THE SKY WAS CANDY
Anh Tú Nguyen DE 3 mín



Við lifandi tónlist gerast undursamlegir hlutir – blóm springa út, egg fljúga, sólin rís og sólin sest.

STUTTMYNDIR 6+

25.09 Norræna húsið 10:00

EINN LÍTILL STÓR DAGUR
ONE LITTLE BIG DAY
Nara Aragão, Renata Roberta 12 mín BR



Það er fyrsti skóladagurinn hjá Nínu. Dagurinn ber margt í skauti sér; nýjar uppgötvanir og áskoranir. Núna þarf Nína að labba í skólann, en til þess fær hún hjálp hjá ömmu sinni og litlum fugli.

ÖRKIN HENNAR NÓRU
NORA'S ARK
Endre Lund Eriksen, Isak Gjertsen 8 mín NO,HR



Þegar loftslagsbreytingar valda ógurlegu flóði þarf fjölskylda Nóru að flýja í gömlum báti, en fjölskyldufaðirinn leyfir björninum Billy ekki að koma um borð. Núna þarf Nóra að búa til sinn eigin bát.

ANANASAR
ANANASI
Anna Kadykova LK 4 mín



Vinir í skrautlegu dýraríki Sri Lanka rækta saman ananasa og dansa í bjartri og litríkri hugleiðingu um óendanleika náttúrunnar.


KAPPAKSTUR
GRAVITY RACER
Finn Walther NO 5 mín



Óttalaus fjögurra ára strákur leggur af stað til þess að sigra bröttustu brekkuna í hverfinu með heimagerða kassabílnum sínum.

VÖLUNDARHÚSIÐ

Ó NEI! LUNDINN TÝNDI BÍÓMIÐANUM SÍNUM Í VÖLUNDARHÚSINU. GETURÐU HJÁLPAÐ HONUM AÐ FINNA HANN?



STUTTMYNDIR 9+

24.09 Norræna húsið 11:00

HUNDURINN

AKTOS

Madina Yelikbayeva KZ 13 mín



Batyr hefur í laumi verið að vinna í háskalegu verkefni með trygga hundinum sínum Aktos. Þegar babb kemur í bátinn verður Batyr að fara í kapphlaup við tímann til þess að ljúka við ætlunarverk sitt.

REYNSLA OG LÆRDÓMUR. OG FORELDRAHLUTVERKIÐ.

EXPERIENCES AND LEARNING. AND PARENTING.

Malgorzata Rybak PL 5 mín



Fjörugur krakki sem kallast O er mjög forvitinn. Þrátt fyrir allar hindranir tekst O að sanka að sér reynslu og öðlast nýja hæfileika. Munu þeir koma að góðum notum?

DAGURINN SEM ÉG SLEIKTI STEINVÖLU

THE DAY I LICKED A PEBBLE

Flavie Eliézer, Chloé Bernuchon, Goli Atefi, Maud Kolasa, Nathan Jauze, Marie Pijollet 7 mín FR



Á afar venjulegu sumarsíðdegi í sveitinni fer þremur systkinum, sem eru í heimsókn hjá ömmu sinni, að leiðast. Þau ákveða þess vegna að gera sér ferð í bakaríið til þess að versla sætindi og brjóta upp daginn.

SYSTIR MÍN

SISTER OF MINE

André Vaara SE 12 mín



Hinum tíu ára gamla Noel langar að vera meira eins og stóra systir sín. Að fara í klippingu veldur afbrýðisemi og upp koma systkinaerjur.

MEÐ ELD Í VASANUM

FIRE IN MY POCKET

Janka Feiner HU 10 mín



Lítill strákur, sem leiðist, fer að leita að einhverju meira spennandi. Dularfull eldvera lokkar hann til sín í töfrandi sveppaveröld þar sem ævintýrin bíða.

STUTTMYNDIR 12+

24.09 Norræna húsið 13:00

HÆNA
CHICA


Matheus Malburg, João Victor Silva — 14 mín — BR



Dadá býr á litlum sveitabæ í São Paulo. Þegar mamma hennar biður hana að fara með hænu af bænum á veitingastað í byggðinni leggur Dadá af stað ásamt yngri bróður sínum Tato.

ALLIR SAMAN
JOIN (VERTU MEÐ)

Brennan Bova — CA — 3 mín



Hópur andarunga kemur saman og sýnir listir sínar, einn á eftir öðrum. Ekki líður á löngu þar til þeir verða samstíga í gleðinni og skondinn hópdans brýst út.

NEKO
NEKO

Ines Oliveira — PT — 30 mín




Neko og vinir hans hittast í miðborginni síðla dags að sumri til. Hópurinn þræðir götur borgarinnar sem virðist vera á jafnmiklum tímamótum og unglingarnir sjálfir.

VEGSUMMERKI
WHEREABOUTS

Suejee Lee — US — 2 mín



Risoprentuð teiknimynd sem fylgir för ungrar konu í gegnum stórborg. Frá sólarupprás til sólseturs minnir ferðalagið á fegurðina í litlu hlutunum og töfrana sem felast í því að færast í gegnum tilveruna.





STUTTMYNDIR 14+

24.09 Norræna húsið 11:00

UPPTAKARINN
THE CORKSCREW

Torfinn Iversen — NO — 18 mín



Lucas, sem er aðeins 12 ára, stendur frammi fyrir erfiðu siðferðislegu vali. Hvert sem valið verður verða afdrifaríkar afleiðingarnar óumflýjanlegar.

HREIÐURGERÐ
NESTLING

Georgi Martev — BG — 11 mín



Pavel og vinir hans taka upp myndbönd af sér að takast á við ýmsar áskoranir, allt þar til leikurinn gengur of langt.

BANK OG DINGDONG
BANG [DING DONG]


Meggy Rustamova BE 8 mín



Myndin segir frá hópi barna sem er að læra hollensku. Leikstjórinn sækir efniviðinn í eigin minningar frá því hún var átta ára flóttamaður í Evrópu.

HENRY ER STÚLKA SEM ELSKAR AÐ SOFA
Henry Is a Girl Who Likes to Sleep

Marthe Peters BE 14 mín



Höfundur skrifar ástkærum ketti sínum, Henry, bréf í leit að einhverju mjúku og blíðu til að hvíla í, litlum loðnum griðastað fullum af hlýju til að hörfa í þegar heimurinn verður of hávær.

Hundur einn
Dog Alone

Marta Reis Andrade 13 mín FR, PT



Hundur er yfirgefinn á heimili. Hann vælir dag og nótt og truflar nágrannana. Aldraður maður býr einsamall í næsta húsi. Þegar barnabarn hans snýr aftur heim frá London áttar hún sig á einsemdinni.

LITAÐU LUNDANN











UPPTEKID

www.upptekid.is

KENNSLA
KRAKKARFILMA! OG STELPURFILMA!

VESTFIRÐIR



Erlingur Óttar Thoroddsen kvikmyndaleikstjóri hélt utan um Krakkarfilma! námskeið á Patreksfirði, Bíldudal, Ísafirði, Bolungarvík, Þingeyri og Hólmavík. Smiðjurnar voru hluti af dagskrá Púkans, barnamenningarhátíð Vestfjarða. Margar frábærar stuttmyndir komu úr smiðjunum sem voru sýndar víðsvegar um landshlutann.

REYKJAVÍKURBORG

Silja Hauksdóttir kvikmyndaleikstjóri hélt utan um stuttmyndanámskeið fyrir ungar konur og kvár þar sem þemað var ‘breytingar’ – þátttakendur frá Hagaskóla, Austurbæjarskóla, Langholtsskóla og Háteigsskóla fengu þar tækifæri til að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð. Námskeiðið var haldið í Norræna húsinu.



UNGMENNARÁÐIÐ

UNGMENNARÁÐ UNGRIFF SAMANSTENDUR AF UNGU FÓLKI MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á ÖLLU ÞVÍ SEM VIÐKEMUR KVIKMYNDUM. RÁÐIÐ KEMUR AÐ SKIPULAGNINGU HÁTÍÐARINNAR OG ÞVÍ GETA BÖRN OG UNGMENNI SANNARLEGA KALLAÐ UNGRIFF SÍNA EIGIN HÁTÍÐ.

Í UNGMENNARÁÐI ÁRIÐ 2026 ERU:



Áshildur Herdís Gunnlaugsdóttir



Anna Signý Sæmundsdóttir



Sverrir Þór Leifsson



Rúnar Már Jónasson



Baldur Tumi Einarsson



Róbert Kári Örnólfsson

UMSJÓN MEÐ UNGRIFF: SALVÖR BERGMANN